

Mál þetta hefur staðið lengi yfir, en það er að mestu leyti því að kenna, að hegningarfottorð þau, sem yfirdómurinn hafði beðið um, komu svo seint frá hlutaðeigandi sýslumönnum. Á birting undirrjettardómsins hefur og staðið lengur, en þörf virðist hafa verið til; en hjer virðist þó ekki ástæða til að láta þennan drátt varða ábyrgðar, og því vottast, að rekstur og meðferð málsins í hjeraði hafi verið vítalaus. Flutningur málsins við yfirdóminn hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Bjarni Bjarnason á að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði, að öðru leyti á undirrjettardómurinn óraskaður að standa. Ákærðaber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Jóns Guðmundssonar (eða dánarbús hans) og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 26/1875:

Rjettvísín

gegn

Magnúsi Jónssyni.

D ó m u r.

Hinn ákærði Magnús Jónsson, vinnumaður frá Hjarðarholti í Dölum, er undir máli þessu ákærður fyrir

nauðgunartilraun, og eru eptir rjettarprófunum mála-
vextir þessir.

Nóttina milli hins 12. og 13. maí f. á. kom á-
kærði að Grjóteyrartungu í Borgarfjarðarsýslu; hitti
hann úti fyrir bæjardyrum 15 vetra gamla stúlku, sem
hann bað um að hjálpa sjer til að láta inn með sjer
hest, og fylgdi stúlkann honum þá austur fyrir fjósið,
en þegar þangað kom, tók hann stúlkuna og lagði hana
niður í fjósdyrnar, þar sem torf var undir, og lagðist
síðan ofan á hana; en hún fór að hljóða, svo móðir
hennar, sem lá í rúmi sínu inni í bænum, heyrði til
hennar, og fór á fætur til þess að grennslast eptir,
hvað á gengi, og hitti hún þá dóttur sína í bæjardyr-
unum, baðandi höndunum út í loptið, bláa í andliti og
molduga í hárinu og á bakinu. Eptir framburði stúlk-
unnar sjálfrar, hafði ákærði við fjósið brugðið henni á
loft og lagt hana niður í fjósdyrnar, og mælt til að
hafa samræði við hana, og lofað henni 2 rd., ef hún
gjörði eins og hann óskaði, en hún vildi ekkert við
hann eiga; ekki lypti hann fötunum upp á stúlkunni,
en meðan hann lá ofan á henni, sýndist henni hann
vera að hneppa frá sjer lokunni. Hann hafði engar
hótanir nje misþyrmingar í frammi við stúlkuna, og
föt hennar voru órifin og hún ómeydd; en hún hljóð-
aði stöðugt og brautz um; stóð ákærði þá upp og sagð-
ist lofa henni að fara, en hjelt þó í handlegginn á
henni, svo að hún varð að slíta sig af honum, sem
henni tókst, og hitti hún þá móður sína í bæjardyr-
unum; en við hinn ákærða talaði konan ekki, því hann
flýtti sjer á burt.

Að vísu beitti ákærði ekki neinum hótunum við
stúlkuna nje misþyrmdi henni til þess að koma fram
vilja sínum við hana, en þar sem hann tók hana með
valdi og lagði hana niður í fjósdyrnar og lagðist ofan

á hana, verður ekki betur sjeð, en að hjer liggi fyrir veruleg tilraun til að fá vilja sinn með henni nauðugri, sem honum víst hefði tekizt, ef stúlkan hefði ekki hljóðað svo hátt, og fólk verið svo nærri, að ákærði mátti vita, að að þeim mundi verða komið úr baðstofunni, eins og líka nærri var orðið. Sú viðbára ákærða, að hann hafi verið svo drukinn, að hann ekkert hafi vitað hvað hann gjörði, getur eptir öllum málavöxtum og framkomnum upplýsingum ekki tekizt til greina. Yfirdómurinn getur þannig ekki samþykkt þá skoðun undirdómarans, að ákærði eigi að dæmast sýkn saka, en álitur, að hann eigi að dæmast fyrir tilraun til nauðgunar samkvæmt 169. og 46. grein hegningarlagna, og virðist hegningin þá með hliðsjón af 47. grein hæfilega metin til 2×5 daga fangelsis við vatn og brauð, eins og honum einnig ber að greiða allan af málssókninni gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 10 krónur til hvors.

Málið hefur verið mjög lengi á leiðinni frá undirdómarans hálfu, en þó dráttur sá virðist ekki nægilega rjettlættur, finnst ekki fullnæg ástæða til, að láta hann varða undirdómarann ábyrgðar. Málaflutningurinn við yfirdóminn hefur verið lögmatur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Magnús Jónsson á að sæta fangelsishegningu við vatn og brauð í 2×5 daga, og borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og organista P. Guðjohnsens, 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.